

Fimmtudaginn 14. nóvember 1974.

Nr. 192/1974: **Lára B. Eiríksdóttir**
 gegn
Magnúsi A. Magnússyni.

Dómdur:
 hæstaréttardómararnir **Benedikt Sigurjónsson, Björn Svein-**
björnsson og Einar Arnalds.

Kærumál. Hjón. Búskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 2. október 1974, sem barst Hæstarétti 7. nóvember s. á., hefur sóknaraðili samkvæmt heimild í 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 kært til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Reykjavíkur, uppkveðinn 26. ágúst 1974. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir skiptaráðandann í Reykjavík að taka málið til efnisúrskurðar. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Móðurarfur varnaraðilja stendur inni í dánarbúi foreldra hans, sem er til skiptameðferðar hjá skiptaráðandanum í Hafnarfirði. Sóknaraðili á ekki til arfs að telja eftir þau. Þykir skiptaráðandi í Reykjavík því ekki að svo komnu máli geta úrskurðað um kröfu sóknaraðilja. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð. Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 26. ágúst 1974.

Með bréfi, dags. 29. nóvember 1973, sneri umboðsmaður sóknaraðilja, Lára B. Eiríksdóttur, Rauðalæk 27 hér í borg, sér til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu með beiðni um að endur-

upptaka til framhaldsmeðferðar skipti á félagsbúi hennar og varnaraðilja, Magnúsar A. Magnússonar, Eskihið 14 hér í borg. Þingað var í því máli í skiptadómi Hafnarfjarðar 17. desember s.l. og ákveðið að framsenda það skiptadómi Reykjavíkur til meðferðar, með því að málsaðiljar voru þar báðir búsettir.

Hér í dómi var fyrst þingað í skiptamálinu 21. febrúar s.l. Á skiptafundi 21. mars var ákveðið, að skiptaráðandi beiddist uppskriftar í Hafnarfirði á dánar- og félagsbúi foreldra varnaraðilja, er þar höfðu búið, en voru bæði látin. Sú uppskriftargerð fór fram 13. maí s.l., sbr. rskj. nr. 4, en ekki virðist henni hafa verið að fullu lokið.

Á skiptafundi 17. apríl var ákveðið, að sérstakt mál yrði rekið hér fyrir dómi vegna ágreinings málsaðilja um, hvort sóknaraðili ætti tilkall til búshluta úr móðurarfi varnaraðilja. Er sá ágreiningur hér til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 27. júní s.l.

Málsaðiljar gengu í hjónaband 29. apríl 1950, en skildu að borði og sæng samkvæmt leyfisbréfi, útgefnu af sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu 5. september 1972. Seinasta sameiginlegt heimilisfang þeirra var að Goðatúni 13, Garðahreppi, Gullbringusýslu. Frá skilnaði að borði og sæng hafa þau ekki verið samvistum, en lögskilnaður þeirra hefur ekki verið gerður.

Við skilnað að borði og sæng urðu málsaðiljar ásátt um skilnaðarskilmála, m. a. um skiptingu á eignum félagsbúsins. Þó var í 1. mgr. 5. gr. skilmálanna (dskj. nr. 6) gerður svofelldur fyrirvari:

„Faðir mannsins Magnús Magnússon, Vesturbr. 13, Hafnarfirði, situr í óskiptu búi eftir eiginkonu sína, Ragnheiði heitina Þorkelsdóttur. Við erum ekki á eitt sátt um það, hvort konan eigi að einhverju leyti tilkall til hluta mannsins í búinu, og áskilur konan sér allan rétt í því efni“.

Ragnheiður Þorkelsdóttir andaðist 25. mars 1961. Leyfi maka hennar, Magnúsar Magnússonar, til setu í óskiptu búi var gefið út af bæjarfógetanum í Hafnarfirði 24. apríl 1962. Magnús Magnússon andaðist á s.l. ári, og kom þá dánar- og félagsbúi þeirra hjóna til skipta. Sóknaraðili telur sig eiga kröfu til þess að fá úr því búi helming af móðurarfi varnaraðilja og hefur því farið fram á endurupptöku skipta á félagsbúi málsaðilja. Þeirri beiðni hefur út af fyrir sig ekki verið mótmælt, en hins vegar mótmælir varnaraðili því, að sóknaraðili eigi nokkurt tilkall til arfshluta úr búi foreldra hans. Dómsmál þetta snýst um þann ágreining.

Kröfur sóknaraðilja í málinu eru þær, að henni verði úrskurð-uð krafa til búshluta í félagsbúi málsaðilja, sem svarar hálfum móðurarfi varnaraðilja, eða 1/4 hluta arfs úr dánar- og félagsbúi foreldra hans. Einnig krefst hún málskostnaðar að mati dómars.

Varnaraðili krefst þess, að synjað verði kröfu sóknaraðilja um hlutdeild í móðurarfi hans og að honum verði tildæmdur málskostnaður.

Sóknaraðili byggir kröfu sína á því, að þegar móðir varnaraðilja féll frá, 21. mars 1961, hafi verið í gildi erfðalög nr. 42/1949 og um óskipt bú hjóna VIII. kafli laga nr. 20 frá 1923. Samkvæmt þeim lagaákvæðum hafi fallinn arfur, sem stóð inni í óskiptu búi, verið hjúskapareign viðkomandi erfingja, nema annað væri áskilið. Þetta hafi ekki breyst með núgildandi erfðalögum nr. 8 frá 28. september 1962, því samkvæmt 58. gr. þeirra laga verði þeim einungis beitt um erfðaskipti eftir þá, sem andast eftir gildistöku þeirra. Með því að arfurinn hafi þannig verið hjúskapareign varnaraðilja, þegar fjárfélagi þeirra lauk, eigi hún tilkall til helmings arfs í búshluta sinn, sbr. þann áskilnað í skilnaðarskilmálanum, sem rakinn er hér að framan.

Varnaraðili byggir mótmæli sín á því, að samkvæmt núgildandi erfðalögum sé arfshluti erfingja í óskiptu búi séreign hans og gildi sú regla jafnt, hvort sem arfláti andaðist fyrir eða eftir gildistöku þeirra laga. Ákvæði 58. gr. erfðalaganna eigi einungis við um arftökurétt erfingja, en ekki um réttarsamband erfingja og maka hans. Um það gildi upphaf 59. gr. laganna, sem segir, að ákvæði þeirra um óskipt bú eigi einnig við um búsetu, sem stofnað var til fyrir gildistöku laganna. Því gildi um bú foreldra varnaraðilja 1. mgr. 18. gr. erfðalaganna, sem kveður svo á, að hlutur erfingja í óskiptu búi sé séreign hans, ef erfingi er í hjúskap eða gengur í hjúskap.

Móðurarfur varnaraðilja stendur inni í dánarbúi foreldra hans, sem enn er óskipt. Kröfu í erfðahlut úr því búi skal bera upp við skiptaráðanda, sem fer með það bú, enda verður ekki kveðið á um úthlutun úr því fyrir öðrum dómi. Samkvæmt því verður krafa sóknaraðilja ekki tekin til greina í þessu máli.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Unnsteinn Beck borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan, en uppsaga hans hefur dregist mjög vegna mikilla embættisanna dómars, m. a. vegna sumarleyfa hér við embættið.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðilja, Láru B. Eiríksdóttur, í máli þessu er synjað.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 15. nóvember 1974.

Nr. 168/1973: **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson
vararíkissaksóknari)
gegn

Bergi Jóni Þórðarsyni

(Ragnar Jónsson hrl.)

Matthíasi Mogensen

(Sveinn Haukur Valdimarsson hrl.)

Leifi Haukssyni

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

Eddu Sigurrós Sverrisdóttur

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

Karli Kristni Júlíussyni

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

og Ólafi Mogensen

(Sveinn Haukur Valdimarsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr,
Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Ávana- og fýknilyf. Brot gegn lögum nr. 77/1970, sbr. lög nr. 65/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærvaldið hefur hér fyrir dómi fallið frá ákærulið III, 1 í ákæru gegn Leifi Haukssyni og fallið frá tilvitnun ákæru-liðs IV, 1 í ákærulið III, 1 í ákæru gegn Eddu Sigurrós Sverrisdóttur. Enn fremur er fallið frá því atriði í ákærulið I, 4 í ákæru gegn Bergi Jóni Þórðarsyni, er varðar svonefnt